



## Fundur í byggðaráði

**8. fundur byggðaráðs Langanesbyggðar, haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins að Langanesvegi 2, fimmtudaginn 2. febrúar 2023. Fundur var settur kl. 12:00.**

**Mætt voru:** Sigurður Þór Guðmundsson formaður, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson í gegnum fjarfundarbúnað og Bjarnheiður Jónsdóttir sem ritaði fundargerð. Á fundinn mætti Heiðrún Ólafadóttir og Gréta Bergrún Jóhannesdóttir frá vinnuhópi um Fjarðarveg 5 og gerði grein fyrir stöðu mála.

Formaður setti fund og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki og því næst gengið til dagskrár.

## Dagskrá

1. Fundargerð 5. Teymisfundar Fjarðarvegar 5 frá 4.01.2023 og 18.01.2023
2. Greinargerð um Finnafjarðarverkefnið v fundar með iðnaðarráðherra 19.01.2023
3. Fundargerðir vegna breytinga á stjórnnum sem tengjast Finnafjarðarverkefninu
4. Fundargerð hluthafafundar í einkahlutafélaginu Fræ vegna breytinga á stjórn.
5. Viðaukasamningur við samning frá 2019 um framlengingu á nýtingarrétti til 2060
6. Fundargerð framkvæmdastjórnar héraðsnefndar Þingeyinga frá 24.01.2023
7. Boð um þátttöku í grænum skrefum frá SSNE 25.01.2023
8. Lagður fram endurnýjaður samningur við Norðurhjara vegna ára 2023-2025.
9. Lagt fram bréf frá Stefan Eagle Gilkerson (North Atlantic Trade Alliance NATA) varðandi nýtingu Finnafjarðarhafnar og iðnaðarsvæðis tengt því.
10. Greinargerð EFLU vegna gagnasöfnunar Orkustofnunar TRÚNAÐARMÁL

## Fundargerð

1. Fundargerð 5. Teymisfundar Fjarðarvegar 5 frá 4.01.2023 og fundargerð 6. teymisfundar vegna Fjarðarvegar 5 – frá 18.01.2023

Fundargerðin lögð fram og skýrsla Dawid smiðs um verkstöðu.



*Bókun um afgreiðslu:* Unnið verður út frá því að nafn félagsins verður „Kistan“ og að allur rekstur, tekjur og gjöld, verður öll undir því félagi. Verkáætlanir gera ráð fyrir að áfallinn kostnaður stefni í 15.000.000 kr. sem er samkvæmt áætlun. Einnig er stefnt á að húsnæðið verði tekið í notkun 1. mars og formlegvígsla húsnæðisins 15. mars.

Samþykkt samhljóða

## **2. Greinargerð um Finnaðarverkefnið v fundar með iðnaðarráðherra 19.01.2023**

Greinargerðin lögð fram til kynningar.

## **3. Fundargerðir vegna breytinga á stjórnnum sem tengjast Finnaðarverkefninu**

03.01) Fundargerð hluthafafundar í einkahlutafélaginu Finnaðarhöfn GP ehf., kt. 530519-0150 – Fundargerðin lögð fram

03.02) Fundargerð hluthafafundar í einkahlutafélaginu Finnaðarhöfn GP ehf., kt. 530519-0230 – Fundargerðin lögð fram.

03.03) Fundargerð hluthafafundar í félaginu Finnaðarhöfn slhf., 6606190620 – Fundargerðin lögð fram til undirritunar.

03.04) Fundargerð hluthafafundar í félaginu Finnaðarhöfn slhf., kt. 6606190540 – Fundargerðin lögð fram til undirritunar.

## **4. Fundargerð hluthafafundar í einkahlutafélaginu Fræ vegna breytinga á stjórn.**

Fundargerðin lögð fram til undirritunar.

*Bókun um afgreiðslu:* Sveitarstjóra er falið að skoða eignarstöðu félagsins og koma með tillögu til byggðaráðs um framtíð þess.

Samþykkt samhljóða.

## **5. Viðaukasamningur við samning frá 2019 um framlengingu á nýtingarrétti til 2060 - Lokaútgáfa**

Lagður fram viðaukasamningur á milli Finnaðarhafnar GP 530519-0150 (FFPA), Þróunarfélags Finnaðar ehf. 550719-0450 (FFPD), Finnaðarhafnar slhf. 6606190540 (FF) og bremenports GmbH & Co. KG um framlengingu á einkarétti til kynningar á verkefninu. (Exclusive marketing rights).

*Bókun um afgreiðslu:* Byggðaráð samþykkir viðaukasamninginn og leggur til að hann verði þýddur á íslendu og síðan vísað til sveitarstjórnar til endanlegs samþykkis.

Samþykkt samhljóða.

## **6. Fundargerð framkvæmdastjórnar héraðsnefndar Þingeyinga frá 24.01.2023**

Tillaga um að slíta störfum nefndarinnar.



*Bókun um afgreiðslu:* Byggðaráð tekur undir með oddvitum sveitarfélaganna sem eiga aðild að héraðsnefndinni að störfum nefndarinnar verði slitið á þann hátt sem kemur fram í fundargerð framkvæmdastjórnar. Erindinu er vísað til endanlegrar afgreiðslu sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða.

## **7. Boð um þátttöku í grænum skrefum frá SSNE 25.01.2023**

Verkefnið byggir á Grænum skrefum í ríkisrekstri sem Umhverfisstofnun hefur haft umsjón með frá 2014 en aðlöguð að starfi.

*Bókun um afgreiðslu:* Byggðaráð vísar erindinu til umsagnar skipulags- og umhverfisnefndar og til sveitarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar eftir álit skipulags- og umhverfisnefndar.

Samþykkt samhljóða.

## **8. Lagður fram endurnýjaður samningur við Norðurhjara vegna áranna 2023-2025.**

Langanesbyggð hefur á undanförunum árum gert samning við Norðurhjara um eflingu ferðaþjónustu í Langanesbyggð samkvæmt meðfylgjandi samningi.

*Bókun um afgreiðslu:* Byggðaráð leggur til að samningurinn verði endurnýjaður. Gert er ráð fyrir endurnýjun hans í fjárhagsáætlun 2023. Samningnum vísað til endanlegrar afgreiðslu sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða.

## **9. Lagt fram bréf frá Stefan Eagle Gilkerson (North Atlantic Trade Alliance NATA) varðandi nýtingu Finnfjarðarhafnar og iðnaðarsvæðis tengt því.**

Bréfið er um ferli þróunar um nýtingu hafnarinnar og hugsanlegs iðnaðarsvæðið við hana. Lagt fram til kynningar.

## **10. Greinargerð EFLU vegna gagnasöfnunar Orkustofnunar**

Lagt fram til kynningar.

11.01) Tilhögun virkjunarkosts á Brekknaheiði

11.02) Tilhögun virkjunarkosts á Sauðaneshálsi

Fundargerðin lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:30